

Kirkjuþing 2025-2026

25. mál – þskj. 25a

T I L L A G A

að breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 42/2021-2022.

Flm. Ásmundur Máni Þorsteinsson.

1. gr.

Ný 3. mgr. 4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Fulltrúar á kirkjuþingi unga fólksins fá greitt þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr sem samsvarar 40% af þingfararkaupi á hinu reglulega kirkjuþingi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Kirkjuþing unga fólksins, sem haldið var í Fella- og Hólakirkju þann 19. október 2025 samþykkti eftirfarandi ályktun:

Kirkjuþing unga fólksins beinir því til rekstrarsviðs biskupsstofu að greitt verði fyrir setu á kirkjuþingi unga fólksins sem samsvarar 40% af þingfararkaupi á hinu almenna kirkjuþingi.

Til að beina máli þessu í réttan farveg telur flutningsmaður rétt að leggja fram ofangreinda breytingartillögu við starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins.

Kirkjuþing unga fólksins er hluti af heildarskipulagi þjóðkirkjunnar og mikilvægur liður í því að efla ungt fólk til þátttöku í starfi kirkjunnar. Flutningsmaður telur rétt að þátttakendur í kirkjuþingi unga fólksins fái greitt fyrir setu sína í hlutfalli við þingfararkaup á almennu kirkjuþingi. Með þessu er viðurkennt að þátttaka ungs fólks í stefnumótun og ákvarðanatöku kirkjunnar er verðmæt og ábyrgðarfull. Greiðsla fyrir setu styrkir stöðu unga fólksins, eykur jafnræði og tryggir að þátttaka sé raunhæf fyrir alla, óháð efnahag eða aðstæðum. Í nefndarálinni kemur fram að nefndin vill leggja áherslu á að Kirkjuþing Ungu Fólksins (KUF) sé þarft og mikilvægt fyrir framtíð þjóðkirkjunnar.